

## FUNDARGERÐ

Árið 2022, föstudaginn 26. ágúst kl. 12:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í innviðaráðuneytinu að Sölvhólsgötu 7.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Daníel Jakobsson, Karen E. Halldórsdóttir, Margrét Þórarinsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Gústav Aron Gústavssyni, og Ragnari Ágústi Róbertssyni, sem ritaði fundargerð.

Gestur undir lið 2: Aðalsteinn Þorsteinsson skrifstofustjóri sveitarfélaga og byggðamála.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Lögð var fram til samþykktar fundargerð ráðgjafarnefndar frá 24. júní 2022.

*Fundargerðin var samþykkt án athugasemda.*

### 2. Nýr skrifstofustjóri sveitarfélaga og byggðamála

Aðalsteinn Þorsteinsson, nýr skrifstofustjóri sveitarfélaga og byggðamála kynnti sig fyrir nefndinni, og ræddi við nefndina um þau mál sem hann teldi að verði helstu mál næstu ára hvað sveitarstjórnarmálin varðar.

### 3. Áætlað framlag úr ríkissjóði 2023

Samkvæmt nýrri tekjuáætlun um tekjur ríkissjóðs á árinu 2023 og áætlaðs útsvarsstofns ársins 2022 eru áætlaðar tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga úr ríkissjóði með eftirfarandi hætti:

- Vegna skatttekna úr ríkissjóði (2,111%): 21.078 m.kr.
- Vegna útsvarsstofns (0,264%): 5.580 m.kr.
- Samtals áætlaðar tekjur: 26.658 m.kr.
  - Þar af er fasteignaskattsframlagið (30,1% af framlagi úr ríkissjóði) 6.344 m.kr

#### **4. Framlag vegna jöfnunar fasteignaskattstekna**

Lögð var fram til kynningar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dagsett 25. ágúst 2022, ásamt tillögu að úthlutun framlagsins. Áætlun um úthlutun framlaganna er byggð á áætluðu fjármagni til ráðstöfunar á árinu 2023 að fjárhæð 6.344 m.kr., sbr. áætlun um tekjur ríkissjóðs á árinu 2023. Til frádráttar kemur greiðsla vegna dóms Hæstaréttar, í máli nr. 34/2018, að fjárhæð 100 m.kr. Samtals nemur því áætlað framlagið 6.244 m.kr. á árinu 2023.

*Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin að gera tillögu til ráðherra um að til úthlutunar kæmi framlag að fjárhæð 6.244 m.kr. á árinu 2023 til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts..*

#### **5. Tekjujöfnunarframlög 2022**

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun tekjujöfnunarframlaga 2022 ásamt þar að lútandi minnisblaði, dagsett 25. ágúst 2022.

Framlögunum er ætlað að jafna tekjur sambærilegra sveitarfélaga á grundvelli hámarkstekjumöguleika þeirra. Sambærileg sveitarfélög eru talin vera:

- a. Sveitarfélög með 70.000 íbúa eða fleiri
- b. Sveitarfélög með 12.000 - 69.999 íbúa
- c. Sveitarfélög með 300 - 11.999 íbúa.
- d. Sveitarfélög með færri en 300 íbúa.

Við útreikning framlaganna er tekið mið af íbúafjölda sveitarfélaga 1. janúar 2022, hámarksálagningu útsvars að frádreginni hlutdeild Jöfnunarsjóðs í útsvarsstofni, hámarksálagningu fasteignaskatts á grundvelli fasteignamats og úthlutun framlags til sveitarfélaga vegna jöfnunar á tekjutapi í kjölfar breytinga á álagningarstofni fasteignaskatts.

Þá eru tekjur sveitarfélaga af meiri háttar fasteignaskattsálagningu og framleiðslugjöldum teknar með í útreikningi á meðaltekjum viðkomandi sveitarfélaga en ekki viðmiðunartekjum í útreikningi viðmiðunartekna í viðkomandi flokki. Jafnframt er sveitarfélögum þar sem tekjur eða íbúafjöldi hafa veruleg áhrif á niðurstöðu innan viðmiðunarflokks sleppt við útreikning meðaltals. Einnig eru sveitarfélög með færri en 300 íbúa borin saman við meðaltekjur í flokki sveitarfélaga með 300–11.999 íbúa enda búi a.m.k. 2/3 hlutar íbúa sveitarfélags í þéttbýli.

Einungis kemur til úthlutunar og greiðslu framlags hafi sveitarfélag fullnýtt heimild sína til álagningar útsvars.

Að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns sjóðsins eru framlögin aðlöguð að fjármagni til ráðstöfunar með hlutfallsreikning og áætlað að tekjujöfnunarframlag nemi 1.400 m.kr. Gert er ráð fyrir að ¾ hlutar framlagsins komi til greiðslu í september en fjórðungur þess komi til greiðslu í árslok á grundvelli leiðréttrar skrár um álagðar skatttekjur sveitarfélaga.

*Að teknu tilliti til þess ráðstöfunarfjármagns sem áætlað er til framlaganna í ár og þess sem hér að framan greinir samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til við ráðherra að áætluð tekjujöfnunarframlög á árinu nemi 1.400 m.kr. á árinu 2022.*

## **6. Útgjaldajöfnunarframlag 2022**

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun útgjaldajöfnunarframlaga árið 2022 ásamt þar að lútandi minnisblaði, dagsett 24. ágúst 2022.

Útgjaldajöfnunarframlög eru nú enduráætluð á grundvelli þess að hámarkstekjur sveitarfélaga hafa verið uppfærðar. Það er að segja að tekjuskerðing við útreikning framlagsins hefur verið uppfærð. Miðað er við sömu forsendur og við útreikninga tekjujöfnunarframlaga fyrir árið 2022. Þegar endanlegt tekjujöfnunarframlag 2022 liggur fyrir í lok árs verður í kjölfarið útgjaldajöfnunarframlagið enduráætlað á grundvelli þess.

Samkvæmt áætluninni er lagt til að úthlutað verði nú 10.800 m.kr. samkvæmt A-hluta og 575 m.kr. í B-hluta. Í lok árs verður svo úthlutað 175m.kr. í B-hluta vegna íþyngjandi kostnaðar við skólaakstur á árinu 2020 og 50 m.kr. vegna aksturþjónustu fatlaðs fólks úr dreifbýli á árinu 2022. Samtals eru því útgjaldajöfnunarframlög 11.600m.kr. á árinu 2022.

*Nefndin samþykkti tillögu um enduráætluð útgjaldajöfnunarframlög 2022 á grundvelli nýrrar tekjuskerðingar.*

## **7. Flóttabörn frá Úkraínu.**

Á fundi ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs 24. mars sl. var rætt um mögulega aðkomu sjóðsins að framlögum til sveitarfélaga vegna aukins kostnaðar vegna flóttabarna frá Úkraínu. Starfsmönnum var falið að fylgjast með þróun mála hvað þetta viðkemur hjá sveitarfélögunum. Samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum Sambands íslenskra sveitarfélaga ákvað mennta- og barnamálaráðuneytið að verja 200 m.kr. til sveitarfélaganna vegna málsins. Um helmingur þess fjármagns hefur verið nýttur.

*Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að fela starfsmönnum að fylgjast enn með þróun mála og endurmeta undir lok árs hvort Jöfnunarsjóður skuli koma að verkefninu.*

## **8. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga**

### **Sveitarfélagið Hornafjörður – hæfingarstöð**

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn frá Sveitarfélaginu Hornafirði, dags 22. desember 2021, ásamt fylgiskjölum og minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs.

Sótt er um framlag vegna endurbóta/nýframkvæmda á húsnæði sem nýtt er í þjónustu við fatlað fólk. Sótt er um í samræmi við lið d í 2. gr. reglugerðar um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til byggingar hæfingarstöðvar.

Um er að ræða endurbætur á húsnæði að Víkurbraut 24 í eigu sveitarfélagsins sem áður hýsti leikskóla. Nú er húsnæðið lagt undir Velferðarsvið sveitarfélagsins. Hluti húsnæðisins fer undir skrifstofur fjölskyldu- og barnaverndar en hinn hlutinn er notaður undir þjónustu við fatlað fólk. Áður var þjónustan á þremur stöðum, dagdvöl fyrir fatlað fólk fór fram í litlum sal sem hentaði starfsemi illa og starfsemi heimaþjónustu fór fram í íbúð í fjölbýli í eigu sveitarfélagsins. Nú hefur aðstöðunni verið breytt með þarfir þessa hóps í huga. Samhliða þessu var farið í lagfæringar á aðgengi að og í kringum húsið með þarfir allra að leiðarljósi. Framkvæmdum er lokið og liggur heildar framkvæmdarkostnaður fyrir. Sótt er um styrk að fjárhæð 210.279.252 kr.

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs fór í heimsókn til þess að kanna aðstæður í hæfingarstöðinni. Athugun leiddi í ljós að fermetrafjöldi sem tilheyrir hæfingarstöðinni nemur 235,3 fm. Mismunurinn 158,5 fm. er hins vegar sameiginlegur með öðrum rekstri sem tilheyrir velferðarsviði.

Þar sem erfitt er að áætla nákvæmlega nýtingu starfsmanna hæfingarstöðvarinnar á sameiginlegu rými lagði starfsmaður Jöfnunarsjóðs til að Fasteignasjóður taki þátt í kostnaði við 30% af fermetrafjölda í sameiginlega rýminu.

Kostnaðarþáttaka Fasteignasjóðs miðast þá við 282,85 fm. Miðað við 534.246 kr. kostnað á hvern fermetra og 25% kostnaðar þátttöku Fasteignasjóðs, þá er framlag vegna hæfingarstöðvarinnar að Víkurbraut 24: 37.777.875 kr.

*Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að samþykkja umsókn um framlag að fjárhæð 37.777.875 kr.*

## 9. Málafni fatlaðs fólks

### Kostnaðarskipting ríkis og sveitarfélaga

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs fjallaði um nefndarstörf starfshóps um mótun tillagna um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk, sem hefur það hlutverk að meta kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga í þessum málaflokki.

### Kostnaður við verkefnið

Jöfnunarsjóður hefur borið kostnað af verkefninu áður. Starfsmaður Jöfnunarsjóðs leggur til að Jöfnunarsjóður taki þátt í 50% af kostnaði við þetta þarfa verkefni.

*Engin bókun gerð, en nefndinni líst vel á það.*

### Umsókn vegna innra eftirlits – Akraneskaupstaður

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn frá Akraneskaupstað um framlag til innleiðingar og uppbyggingar á innra eftirliti með framkvæmd þjónustu við fatlað fólk á Akranesi, dags 6. júní 2022.

Umsóknin er byggð á heimild sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk 2021, til að ráðstafa fjármagni til einstakra verkefna, nýsköpunar eða þróunarvinnu sem nýtist þjónustusvæðum/sveitarfélögum og þjónustusvæðum til framþróunar í málaflokknum.

Í verkefnalýsingu verkefnisins segir að Velferðar- og mannréttindasvið sveitarfélagsins muni innleiða rafrænan gæðavef sem muni halda utan um um gæðakerfi hvernar starfseiningar í þjónustunni. Samhliða þessari innleiðingu muni verkefnastjóri vinna með stjórnendum starfsstöðva og þjónustu að því að áherslur í innra eftirliti verði hluti af þeim aðgerðum sem starfsstöðin eða þjónustan setur fram til að ná markmiðum sínum. Jafnframt verði stjórnendur studdir í því að koma upp virku upplýsingakerfi þannig að þeir geti fylgst með því hvort innra eftirlitið virki sem skyldi.

Áætlaður kostnaður við verkefnið er 7.800.000 kr. og áætlaður kostnaður við fræðslu fyrir þjónustunotendur er 2.000.000 kr.

*Nefndin felur starfsmönnum Jöfnunarsjóðs að afla frekari upplýsinga um verkefnið og frestar ákvörðun til næsta fundar.*

**10. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga**

**Hótel Nordica 12. október 2022**

Rætt var um fyrirkomulag ársfundar sjóðsins sem fram fer 12. október.

**11. NÆSTI FUNDUR**

*Nefndin samþykkir að hittast aftur til fundar 23.september 2022*

Ekki meira tekið fyrir og fundi slitið klukkan 13:54.

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Ásta Stefánsdóttir

---

Birgir Björn Sigurjónsson

---

Friðbjörg Matthíasdóttir

---

Karen E. Halldórsdóttir

---

Margrét Þórarinsdóttir

---

Stefán Vagn Stefánsson